

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Sólmundarhöfða á Akranesi.

Á fundi sveitarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting Sólmundarhöfða á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að lóð Dvalarheimilisins Höfða er stækkuð í 21.150 m² og hámarksnýtingarlutfall lóðarinnar verður 0,52.

Einnig verður heildarbyggingarmagn á lóð Höfða aukið úr 7.640 m² í 10.900 m².

Jafnframt verður heimilað að byggja 12 íbúðir fyrir eldri borgara í einu fjögurra hæða húsi í stað 30 íbúða í þremur 3ja hæða húsum.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 12. ágúst 2005.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.